

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, Ásland-Grísanes, Ásar 1. áfangi, lóð nr. 7 við Lóuás, í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 4. janúar 2006, breytingu á deiliskipulagi, Ásland – Grísanes, Ásar 1. áfangi, lóð nr. 7, við Lóuás, í Hafnarfirði. Breytingin felst í að heimilt er að gera ráð fyrir 49 m² kjallara undir húsinu nr. 7 við Lóuás. Nýtingarhlutfall verður 0,36. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 23. janúar 2006.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2006